

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 29. maí 2009

Óskynsamlegar aðgerðir ríkisstjórnar í skattamálum

Samkvæmt nýsamþykktu frumvarpi fjármálaráðherra mun skattheimta af sölu áfengis og tóbaks og gjaldtaka vegna bifreiðanotkunar hækka verulega, frá og með deginum í dag. Það er dapurlegt að fyrstu ápreifanlegu aðgerðir ríkisstjórnarinnar til að taka á fjárhagsvanda ríkisins feli í sér auknar álögur á einstaklinga og fyrirtæki. Á sama tíma og eftirspurn er í lágmarki og kaupmáttur hefur rýrnað harkalega skýtur skökku við að ríkisstjórn skuli með þessum breytingum hækka vöruverð með beinum hætti. Að sama skapi hafa fyrirtæki í greinum tengdum bifreiðasölu og þjónustu orðið mjög illa úti í yfirstandandi efnahagsþrengingum og því óheppilegt að stjórnvöld skuli velja þann vettvang fyrir aukna gjaldtöku.

Ennfremur er ljóst að hækkanirnar munu hafa bein áhrif á vísitölu neysluverðs með tilheyrandi verðbólguáhrifum. Í vísitölu neysluverðs er samanlagt vægi þeirra neysluliða sem hækkunin nær til umtalsvert. Löggjöfin mun því valda verðbólguþykningu strax við næstu verðlagsmælingu. Tímasetningin er mjög óheppileg, enda fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja nú þegar í molum og ekki á það bætandi með hærra vöruverði og meðfylgjandi hækkun verðtryggðra skulda. Auk þess hafa aðgerðir ríkissjóðs slæmt fordæmisgildi gagnvart öðrum þátttakendum hagkerfisins sem standa frammi fyrir erfiðum ákvörðunum varðandi hækkanir á verðlagningu sinni. Það er enn fremur bagalegt að þessar skattahækkanir hafi verið keyrðar í gegnum Alþingi á einni kvöldstund án víðtæks samráðs við helstu hagsmunaaðila.

Stjórnvöldum eru tvær leiðir færar í að brúa þann fjárlagahalla sem þau standa frammi fyrir: skera niður útgjöld og hagræða í rekstri eða hækka skatta og álögur. Hækkun gjalda nú, auk yfirlýsinga um frekari skattahækkanir, bendir til þess að ríkisstjórnin sé á rangri leið.

Margt smátt gerir eitt stórt – málþing um lítil og meðalstór fyrirtæki

Viðskiptaráð Íslands stendur fyrir málþingi um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í efnahagslífinu föstudaginn 5. júní næstkomandi.

Á fundinum mun Christina Sommer, forseti European Small Business Alliance (ESBA) halda framsögu, en auk hennar munu Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, Eiríkur Hilmarsson aðaleigandi Kaffitárs ehf. og Bogi Örn Emilsson framkvæmdastjóri Skjals ehf. halda erindi. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mun opna málþingið með stuttu erindi.

Málþingið hefst kl. 15:00 í Þjóðminjasafninu. Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu má nálgast [hér](#).

Ný:sköpun Ný:tengsl – árangursríkur kvöldverðarfundur

Í gærkvöldi var haldinn fyrsti kvöldverðarfundur Viðskiptaráðs og Innovit undir yfirskriftinni Ný-Sköpun-Ný-Tengsl. Markmið fundarins var að búa til vettvang skoðanaskipta og tengslamyndunar fyrir þróttmikið fólk sem nýlega hefur hafið rekstur og fólk með reynslu og þekkingu á rekstri og framkvæmd hugmynda.

Til fundarins, sem haldinn var í Hugmyndahúsi HR og LHÍ, var boðið fulltrúum frá þrettán nýjum fyrirtækjum sem kynntu viðskiptalíkön og áætlanir til framtíðar og jafn mörgum reynsluboltum úr atvinnulífinu. Fyrirtækin sem kynnt voru í gær eru: CLARA, Controllant, Eff2, Fafu, Global Call, ICCE, Mammon, Mindgames, Primula, Responsible Surfing, Tæknibrúa, Ymir Mobile og Ævintýri. Nánari upplýsingar um þessi fyrirtæki verður að finna á vefjum Viðskiptaráðs og Innovit innan tíðar.

Sá eldmóður og bjartsýni sem einkenndu þann hóp frumkvöðla sem sótti kvöldverðinn er til vitnis um þann kraft sem býr í íslensku athafnafólki. Horft var til tækifæra, framtaks og samstöðu, sem er mikilvægt veganesti í þeirri endurreisn efnahagslífs sem framundan er. Fundurinn mæltist afar vel fyrir, bæði hjá frumkvöðlum að nýjum fyrirtækjum og þeim sem eldri og reyndari eru. Ráðgert er að halda annan slíkan fund innan tíðar og er þeim sem vilja kynna sér málið frekar bent á að hafa samband við [Finn Oddsson](#) hjá Viðskiptaráði eða [Andra Heiðar Kristinsson](#) hjá Innovit.

Nýtum krafta einkaaðila

Frosti Ólafsson aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi í grein í Viðskiptablaðið miðvikudaginn 20. maí síðastliðinn:

“Í kjölfar fjármálakreppunnar hefur farið fram mikil umræða um hvaða stefnu sé skynsamlegt að fylgja til eflingar og endurreisnar á hagkerfinu. Þeir aðilar sem telja markaðsbúskap óæskilegra fyrirkomulag en miðstýringu og ríkisbúskap hafa haldið því fram að hrun íslenska bankakerfisins megi fyrst og fremst rekja til áherslna á markaðslausnir. Undir sama hatt hafa einstaklingsframtak og viðskiptafrelsi verið sett. Þrátt fyrir að margt megi læra af hremmingum vetrarins og færa til betri vegar er málflutningur af þessu tagi byggður á röngum forsendum og getur reynst afar skaðlegur verði honum fylgt eftir. Það myndi reynast óheillavæn þróun að snúa baki við þeim almennu viðhorfum sem hafa leitt til hagsældar vestrænna ríkja síðustu aldirnar.” [Lesu áfram...](#)

Lítum til allra átta

Finnur Oddsson framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs ritaði eftirfarandi í grein í Morgunblaðið laugardaginn 23. maí síðastliðinn:

“Íslendingar ættu alltaf að setja markið hátt. Þrátt fyrir að margir vilji rekja núverandi vanda til einhverskonar mikilmennskuæðis er þetta þjóðareinkenni mikilvægur drifkraftur okkar fámenna samfélags. Það er því fagnaðarefni að ríkisstjórnin stefni á að koma Íslandi á lista meðal tíu samkeppnishæfustu ríkja heims árið 2020 líkt og tilkynnt var nýverið. Til að svo megi vera ættu stjórnvöld að horfa til þeirra ríkja sem standa fremst á hverju sviði, en ekki einskorða sig við eina fyrirmynd. Margt má læra af Norðurlöndunum, en ekki síður af öðrum löndum sem státa af stöðugum og afar góðum lífskjörum, t.a.m. Sviss, Ástralíu, Kanada, ýmis ríki Evrópusambandsins og iðnríki Asíu. Með þeim hætti hámarka stjórnvöld líkur þess að þjóðin nái sér fljótt úr núverandi öldudal og Íslendingar búi áfram við lífskjör eins og þau gerast best í heiminum”. [Lesið áfram...](#)

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka það fram að hér er hvorki um ítarlega né tæmandi greiningu að ræða, heldur samantekt sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- Krónan styrktist í vikunni um ríflega 2%, GVT stóð í 230 stigum í byrjun viku en gengi hennar er nú um 225 stig.
- AGS telur að botni efnahagssveiflunnar verði náð á seinni hluta þessa árs og að efnahagsbatinn ætti að hefjast á næsta ári.
- Verðþróun hlutabréfa á erlendum mörkuðum horfir enn til betri vegar, en vísitölur flestra kauphalla hækkuðu í vikunni sem er að líða.
- Úrvalsvísitala kauphallarinnar hefur hækkað um rúm 2% í vikunni. Hækkun úrvarlsvísitölnnar í maí mánuði nemur þar með um 11%.
- Væntingar neytenda beggja megin Atlantshafsins aukast. Fjórða mesta hækkun væntingarvísitala bandarískra neytenda varð í apríl og væntingar íbúa í evrulöndunum hafa ekki verið meiri í rúmt hálf ári.
- Fjöldi hagvísu benda til þess að alþjóðlega fjármálakreppan séu í rénun, en hér er m.a. litið til verðþróunar hlutabréfa, væntinga neytenda og áhættufælni á mörkuðum sem virðast vera að snúast til betri vegar.
- Góðar líkur eru til þess að gjaldeyristekjur af ferðamönnum fari yfir 100 ma. kr. á árinu, en þær námu um 73. ma. kr. á síðasta ári. Þetta kemur fram í greiningu Kaupþings.
- Erlendir aðilar sýna íslenskum fyrirtækjum enn áhuga, en skv. fréttum hefur stærsta fjarskiptafyrirtæki Færeyjum, FøroyaTele, lýst áhuga á að kaupa Vodafone á Íslandi.

- Verð á íslenskum sjávarafurðum, mælt í erlendri mynt, hækkaði um 0,3% í apríl, en afurðarverðið hefur lækkað um 16% síðustu sex mánuði. Væntingar standa til þess að þessi hækkun gefi vísbendingar til þess að afurðarverð hafi náð botni.
- Mikið traust ríkir gagnvart stærstu háskólum landsins, Háskólans í Reykjavík og Háskóla Íslands, skv. nýrri könnun MMR (Markaðs og miðlarannsókn) á trausti almennings til helstu stofnana samfélagsins.
- Fjöldi aðila sem hvetja frumkvöðla til dáða hefur aukist jafnt og þétt að undanfögnu, en þar má helst nefna [Start 09](#) hjá N1, Hugmyndahús Háskólans í Reykjavík og Listaháskólans, [Innovit](#) og [hugmyndaráðuneytið](#).

Góða helgi.